

Spjör

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Eftir að lækurinn er kominn í ána myndast ós, sem sjór fellur nokkuð upp eftir, er þar kallað **Hópið** (6). Þegar komið er móts við Spjarbæinn renna bæði áin og lækirnir í djúpum farvegum. Fyrir neðan þjóðveginn, milli Húsalækjar og Hestlækjar, er móabard en fyrir ofan hann er flói, sem heitir **Lágflói** (7). Nær hann upp að grasivöxnum hæðum, sem kallaðar eru **Börðin** (8). Fyrir ofan Börðin eru mel- og lyngholt, þar fyrir ofan eru mýrar, sem ná upp að Klakk, mýrar þessar heita **Klakksmýrar** (9).

Fyrir norðan Hestlæk, en neðan Lágflóa er holt, sem gengur nokkuð upp í flóann. Heitir það **Torfholt** (10). Fyrir norðan holtið ganga vik úr flóanum ofan í melana, eru það kölluð **Sund** (11). Ná þau norður að merkjum. Fyrir neðan þjóðveginn eru lyngmóar, sem eru kallaðir **Rimi** (12). Fyrir neðan hann taka við sjávarbakkar.

Stafrófsskrá örnefna.

Biskupspartur 3

Börð 8

Hestlækur 5

Hóp 6

Húsalækur 2

Húsatún 4

Klakksmýrar 9

Lágflói 7

Rimi 12

Spjará 1

Sund 11

Torfholt 10